

## **REGLUR UM STYRKI VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ ROTÞRÆR**

Garðabær styrkir framkvæmdir íbúðarhúsaeiganda við rotþrær, þar sem ekki er hægt að tengja frárennsli frá húsum við fráveitu Garðabæjar, um allt að kr. 230.000. Fjárhæðin skal breytast einu sinni á ári samkvæmt byggingarvísitölu og miða skal við grunnvísitölu maí mánaðar 2005 312,8 stig.”

Styrkurinn skal háður eftirfarandi skilyrðum:

- Um sé að ræða nýja rotþró eða lagfæringar á eldri þró og sandsú.
- Styrkur til framkvæmda getur aldrei orðið hærra en framkvæmdakostnaður
- Einungis kemur til greiðslu vegna einnar rotþróar á hverri lóð.
- Framkvæmdir við nýjar þrær og lagfæringar á eldri skulu framkvæmdar samkvæmt samþykktum teikningum byggingarfulltrúa Garðabæjar.
- Greiðsla styrksins er bundin úttekt byggingarfulltrúa og /eða heilbrigðisfulltrúa.
- Styrkurinn greiðist að loknum framkvæmdum gegn framvísun reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar  
10. maí 2005*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*